

19. desember 2025

Mál nr. 3/2025

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ

Arnar Pétursson

gegn

Frjálsíþróttasambandi Íslands og

Glímufélaginu Ármanni

Máli þessu var áfrýjað með áfrýjunargreinargerð, dagsettri 23. október 2025. Áfrýjandi, Arnar Pétursson, krefst þess að dómi dómstóls ÍSÍ frá 17. október 2025 í máli nr. 9/2025 verði hrundið og að dæmt verði að úrslit í Íslandsmeistaramótinu í 10 kílómetra götuhlaupi þann 2. júlí 2025 hafi verið þau að áfrýjandi hafi sigrað og sé Íslandsmeistari í 10 kílómetra götuhlaupi. Til vara krefst hann þess að Íslandsmeistaramótið í 10 kílómetra götuhlaupi verði ógilt og skuli endurtekið. Stefndu, Frjálsíþróttasamband Íslands og Glímufélagið Ármann, krefjast þess að dómur dómstóls ÍSÍ verði staðfestur.

Málið var dómtekið 10. desember 2025 eftir að málsaðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

I.

Málsatvikum og sjónarmiðum aðila er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi og vísast þar um til þess sem þar kemur fram.

Í málinu liggja frammi hljóð- og myndupptökur af skýrslum sem teknar voru við aðalmeðferð málsins fyrir dómstóli ÍSÍ sem dómara hafa hlustað og horft á.

II.

Fyrir áfrýjunardómstóli ÍSÍ byggði áfrýjandi auk annars á því að sú niðurstaða dómstóls ÍSÍ að ákvörðun um að vísa áfrýjanda úr Íslandsmeistaramótinu í 10 kílómetra götuhlaupi hafi verið ákvörðun dómara í leik í skilningi íþróttaréttar sé röng og vísaði í því sambandi til fjölþættra sjónarmiða.

Yfirdómari mótsins bar um það við aðalmeðferð málsins fyrir dómstóli ÍSÍ að umrædd ákvörðun hafi verið tekin á grundvelli atviks sem hann hafi sjálfur séð á meðan á hlaupi stóð og lýst sé í dómaraskýrslu mótsins. Þó svo að ákvörðunin hafi ekki verið tilkynnt áfrýjanda fyrr en að hlaupi loknu er því að mati dómsins ótvírætt að um ákvörðun dómara í leik í framangreindum skilningi var að ræða enda hefði það hæglega getað haft áhrif á gang hlaupsins ef dómari hefði stöðvað áfrýjanda á meðan á hlaupi stóð í því skyni að vísa honum úr mótinu.

Þá er ekkert haldbært fram komið sem gefur til að kynna að yfirdómari mótsins hafi með umræddri ákvörðun farið út fyrir valdheimildir sínar eða að ákvörðun hans hafi verið handahófskennd. Þvert á móti bar hann um það við aðalmeðferð málsins fyrir dómstóli ÍSÍ að hann hafi lagt mat á það hvort umrætt atvik hafi í reynd stýtt hlaupaleið áfrýjanda og niðurstaða hans verið sú að svo væri. Var ákvörðun hans því í fullu samræmi við ákvæði 55.10 í tæknireglum World Athletics.

Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Hulda Árnadóttir

Hulda Árnadóttir

Helga Melkorka Óttarsdóttir

Helga Melkorka Óttarsdóttir

Gestur Jónsson

Gestur Jónsson